


Nemendaráð Giljaskóla útbjó verkefni fyrir Dag gegn einelti sem er haldinn um allt land 8.nóvember á hverju ári.


Nemendaráðið bað hvern bekk að útbúa bekkjarmynd á maskínupappír utan um landsáttmála gegn einelti og skrifa þannig undir að við viljum stöðva allt einelti í umhverfinu okkar.


Flestir bekkir tóku þátt og gerðu fallegar bekkjarmyndir sem hanga upp í matsal skólans.

Nemendaráðið tók viðtöl við nemendur og starfsfólk skólans og spurði um einelti.

Myndir og þjóðarsáttmáli









Spurningar

1. Veistu það einelti er?
2. Þekkir þú einhvern sem hefur orðið fyrir einelti?
3. Hvað getur þú gert til að koma í veg fyrir einelti?



Unnur Birta 10.RK

1. Já, hópur af fólki ræðst á eina manneskju
2. Já
3. Láta fullorðin vita og standa með fórnarlambinu



Rökkvi 8.SP

1. Margir stríða einum og einhverjum líður illa
2. Já
3. Reyna að stoppa það og segja kennaranum.



Aðalheiður Kristín – kennari

1. Einelti er þegar einn aðili lendir í því að ítrekað er komið illa fram við hann, leiðinda athugasemdir og fl. Einelti er ítrekað neikvætt áreiti í garð eins aðila/nemanda. Ef það heldur áfram þá tölum við um einelti.
2. Já því miður
3. Að fræða og tala við nemendur, vinna með fagfólki í skólanum



María Sól 6.b

1. Það er þegar krökkum líður illa og verið er að stríða þeim.
2. Man ekki alveg en það var ein í 5.bekk
3. Stöðva þann sem er að leggja í einelti.



Kjartan Ingi 3.AE

1. Já, einn strákur sem er alltaf einn.
2. Nei, held ekki.
3. Hjálpa honum.



Hrafnhildur – skólaliði

1. Endurtekin stríðni og manneskjan fær aldrei frið
2. Já
3. Útskýra að allir eigi að vera vinir og ekki stríða neinum



Eva Dís 5.AR

1. Já, þegar einhver er skilinn útundan, segja slæm orð
2. Nei
3. Vera góð við fólk, hjálpa, segja krökkum að hætta, ef maður sér stríðni, segja starfsfólki skólans frá.